

Mál nr. 154/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**

Skemmdir er bifreið lenti á bílskúrhurð 04.02. 2013, ágreiningur hvort um undanskilda áhættu sé að ræða þar sem umráðamaður hafi valdið óhappinu á eigin fasteign.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.04. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.05. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðin A lenti á bílskúrhurð fasteignar M við Hraunteig. M er starfsmaður eiganda A og hefur haft aðgang að bifreiðinni að því er telja verður.

Vátryggingafélagið telur að M hafi verið umráðamaður bifreiðarinnar sbr. umfjöllun félagsins.

Ágreiningur er um hvort M hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn, líkt og upphafleg gögn gefa til kynna, eða barnsmóðir M.

M kvartar yfir því að vátryggingafélagið telur að ábyrgðartryggingin eigi ekki að bæta tjón á bílskúrhurð tjónþolans M þrátt fyrir að M eigi ekki ökutækið. M hafnar því að hann hafi verið ökumaður þess þegar tjónið varð.

Vátryggingafélagið vísar til þess að í frumskýrslu hafi M verið sagður ökumaður og að bifreiðin hafi runnið afturábak á hurðina við heimili M. Félagið telur að M hafi verið umráðamaður og haft ótakmörkuð not af henni og að ekki sé um það ágreiningur, að sögn félagsins. Ábyrgðartrygging bifreiðarinnar bæti ekki slíkt tjón. Félagið getur þess að barnsmóðir M er með skráð lögheimili á sama stað og M og því hafi það ekki áhrif á niðurstöðuna hvort talið sé að hún eða M hafi verið við stjórn hennar í umrætt sinn. Félagið vill leggja frumskýrslu lögreglu til grundvallar í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli frá 8. júní 2006 í máli nr. 47/2006 um vægi frumgagna máls umfram síðartilkominn gögn sem beri með sér aðra atvikalýsingu.

Félagið vísar til ákvæða skilmála ábyrgðartryggingar þess efnis að vátryggingin bætir ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eigum vátryggingartaka eða vátryggðs. Í sömu skilmálum segir að þeir sem vátryggðir séu eru skráður eigandi og varanlegur umráðamaður.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. M hefur sönnunarbyrði um að bótaskylda sé fyrir hendi.

Sem fyrr segir er þess getið í vátryggingaskilmálum að vátryggingin bætir ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eigum vátryggingartaka eða vátryggðs. Vátryggðir samkvæmt skilmálum eru skráður eigandi og varanlegur umráðamaður.

Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að M hafi verið umráðamaður bifreiðarinnar í skilningi skilmála. M undirritaði upphaflega tjónstilkynningu þar sem skýrt kemur fram að hann hafi verið ökumaður bifreiðarinnar. Engin gögn né haldbær rök hafa komið fram sem sýna fram á að ekki var farið rétt með í tjónstilkynningunni hver hafi ekið bifreiðinni. Því verður að leggja til grundvallar að M hafi ekið bifreiðinni þegar hún rann á bílskúrhurðina. M getur því ekki krafist bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.